

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um grænar fjárfestingar.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

- Hversu hátt hlutfall af fjárfestingum ríkisins undanfarin tvö ár telst til grænna fjárfestinga í þeim skilningi að vera til þess fallnar að draga úr losun mengandi gróðurhúsalofttegunda, vernda vistkerfi eða stuðla með öðrum hætti að því að Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði loftslagsmála? Hver er fjárhæð þessara fjárfestinga?
- Telur ráðherra þessar fjárfestingar til þess fallnar að stuðla að því að íslensk stjórnvöld nái fram markmiðum sínum í loftslagsmálum?

Skriflegt svar óskast.